

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 30.5.2022
Tilvísun: 20220542025

Umsögn ríkisskattstjóra um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings fasteignaskrár frá Þjóðskrá til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (fasteignaskrá) – þskj. 1019 – 684. mál

Ríkisskattstjóra hefur þann 20. maí sl. borist tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis þar sem gefinn er kostur á því að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur embættið tilefni til eftirfarandi athugasemdir um frumvarpið eins og það liggur fyrir,

Með 8. gr. frumvarpsins eru gerðar breytingar 24. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna sem orðist svo:

*„Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er heimilt að vinna úr og láta í té upplýsingar úr fasteignaskrá gegn gjaldi sem rennur til stofnunarinnar samkvæmt gjaldskrá sem stjórn stofnunarinnar setur, sbr. lög um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
Í gjaldskrá skal m.a. kveða á um: [. . .]
f. gjald fyrir aðgang að upplýsingum úr fasteignaskrá og tengdum skráum.*

Í greinargerð kemur fram að með hinu nýja ákvæði sé um að ræða sameiningu á gildandi 24. gr. laga nr. 6/2001, og ákveðinna atriða í 5. gr. laga nr. 70/2018, um Þjóðskrá Íslands.

Í þessu samhengi áréttar ríkisskattstjóri að embættið telur ekki unnt að líta svo á að ný 24. gr. laga nr. 6/2001 feli í sér auknar heimildir til gjaldtöku gagnvart Skattinum vegna miðlunar upplýsinga úr fasteignaskrá og tengdum skráum.

Til skýringar bendir ríkisskattstjóri á að samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er öllum aðilum, hvort heldur framtalsskyldum sem öðrum skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Þá kemur fram í 2. málsl. sömu málsgreinar að ekki skipti máli í því sambandi, hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit eða rannsókn með henni.

Í 92. gr. tilvitnaðra laga er sömuleiðis að finna óskilyrta heimild til handa ríkisskattstjóra til að kalla eftir ókeypis og í því formi sem hann ákveður öllum þeim upplýsingum sem varða álagningu opinberra gjalda.

Samkvæmt framansögðu, og byggt á áratugalangri venju, þá hefur aðgengi ríkisskattstjóra að opinberum skráum til grundvallar skattlagningu, hvort heldur varðar skráningu einstaklinga eða

aðrar skrár Þjóðskrár, verið óskilyrt og óheft, enda manntal og fasteignaskráning verið grundvöllur skattlagningar frá upphafi. Þessi niðurstaða er enda ítrekuð í frumvarpi til laga nr. 140/2019, um skráningu einstaklinga; þskj. 101-101. mál 150. löggjafarþing, en þar kemur m.a. fram í 2. kafla: *Tilfni og nauðsyn lagasetningar:*

„Talsverður ágreiningur hefur verið um hvort greiða skuli gjald fyrir afnot af þjóðskrá og eftir atvikum öðrum skráum sem Þjóðskrá Íslands heldur. Ágreiningurinn snýr jafnframt að því hvernig stofnuninni Þjóðskrá Íslands er gert að fjármagna sig. Stofnunin er annars vegar fjármögnuð úr ríkissjóði og hins vegar er tekið gjald fyrir þjónustu stofnunarinnar.

Meginreglan er að opinberir aðilar og einkaaðilar greiða fyrir þjónustu Þjóðskrár Íslands vegna aðgangs að þjóðskrá. Undantekningin er annars vegar Tryggingastofnun ríkisins sem greiðir 1/10 af rekstri þjóðskrár og fær í staðinn aðgang að upplýsingum úr þjóðskrá og hins vegar embætti ríkisskattstjóra. Um gjaldfrelsi þessara stofnana er kveðið á um í lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, er varðar Tryggingastofnun, og í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2007.

*Gjaldtöku milli stofnana hins opinbera var komið á á seinni hluta 20. aldar. Talið var að gjaldtaka milli opinberra stofnana myndi leiða til aukins gagnsæis í ríkisrekstri og bæta rekstur. Ekki er vitað til þess að úttekt hafi verið gerð á þessu fyrirkomulagi hér á landi og stjórnvöld hafa ekki markað stefnu um fyrirkomulagið. **Því er ekki hægt að taka afstöðu til þess hvort núverandi fyrirkomulag hafi skilað árangri.** (feitletrað hér)*

Almennt virðist það vera mat opinberra aðila, þ.m.t. sveitarfélaga, og einkaaðila að aðgangur að grunnskrá ríkisins, þjóðskrá, skuli vera án endurgjalds og að stofnunin Þjóðskrá Íslands skuli vera fjármögnuð eingöngu úr ríkissjóði en ekki aðeins að hluta eins og nú er. Framangreint viðhorf er tilkomið vegna þess að þjóðskrá er grunnskrá sem mjög margt í samfélaginu byggist á og jafnframt því að héraendis tíðkast að tengja kennitölu við ýmsa þjónustu opinberra aðila og einkaaðila. Þannig eru sum tölvukerfi sem þjónusta eiga almenning hönnuð þannig að kennitala gegnir þar lykilhlutverki.

[. . .]

Þá hefur gjaldtaka milli stofnana leitt afsér gjaldfrelsisákvæði í einstökum lögum þar sem kveðið er á um að tiltekin stofnun skuli eiga rétt á gögnum gjaldfrjálst. Embætti ríkisskattstjóra er þó eina opinbera stofnunin sem fær endurgjaldslausan aðgang að þjóðskránni.“

Í nefndarálitni meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar með frumvarpi til laga nr. 140/2019 var ennfremur áréttað að þar sem úttekt á því hvernig best væri að fjármagna verkefni Þjóðskrár hafi ekki farið fram, þá væri ótímabært að gera breytingar á ákvæðum frumvarpsins varðandi gjaldtöku vegna þeirra verkefna.

Með vísan til áður tilvitnaðra ummæla í greinargerð með því frumvarpi sem hér er til umsagnar (684. mál), um að um sé að ræða sameiningu á gildandi 24. gr. laga nr. 6/2001 og ákveðinna atriða í lögum nr. 70/2018, og þeirrar staðreyndar um að sú skoðun á fjármögnun verkefna Þjóðskrár sem á skorti þegar lög nr. 140/2019 komu til sögunnar hefur ekki farið fram, þá telur ríkisskattstjóri að þingmáli nr. 684 sé ekki ætlað að raska því fyrirkomulagi sem gildandi löggjöf hefur sett um gjaldfrjálst aðgengi Skattsins að opinberum skráum til grundvallar skattlagningu.

Með hliðsjón af þeim rekstrarhagsmunum sem undir erum, þá telur ríkisskattstjóri mikilvægt að tekinn sé af allur mögulegur vafi um þessi efni, annað hvort í frumvarpstextanum sjálfum eða í nefndaráliti.

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson